

**Fundur Menningarráðs Norðurlands vestra, 20. maí 2008,
kl. 14.00, í Verinu á Sauðárkróki.**

Mætt voru: Guðrún Helgadóttir formaður, Bjarni Þórisson, Björn Magnússon, Pétur Jónsson. Guðný H. Björnsdóttir (varamaður Adolfs) og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi. Formaður setti fund og stjórnaði honum.

1. Laugardagurinn 5. apríl

Farið var yfir viðburði dagsins, aðalfund, ráðstefnu og úthlutun. Rætt um kosti og galla sem upp komu. Stefnt að því að næsta haust verði bætt einum fyrirlestri/ávarpi inn í úthlutunarhátíðina og að næsta vor verði aðalfundur og úthlutun tengd saman.

2. Úthlutun styrkja

Rætt um áframhaldið í styrkjamálum og reynsluna af síðasta umsóknarferli. Ákveðið að setja 3 milljónir í einn stóran styrk þar sem áherslan yrði lögð á samstarf aðila úr öllum þremur sýslum svæðisins og eflingu atvinnustarfsemi. Styrkurinn yrði auglýstur sér en sami umsóknarfrestur verði, þ.e. 15. september nk..

3. Fjármál

Farið yfir tekjur og gjöld frá áramótum til 19. maí.

4. Vaxtarsamningurinn

Á fundinn mættu Unnar Ingvarsson og Pétur Friðjónsson, stjórnarmenn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra. Fóru þeir yfir undirbúningsferlið sem enn er í gangi, m.a. gerð aðgerða- og fjárhagsáætlun. Markmiðið er fyrst og fremst að fjölga störfum á svæðinu. Framkvæmdastjóri tekur til starfa í byrjun júní. Rætt um mögulega fleti á samstarfi þessara tveggja aðila. Ákveðið að formaður Menningarráðs og menningarfulltrúi komi á fund stjórnar Vaxtarsamningsins í byrjun júní.

5. Önnur mál

- Rætt um möguleika á erlendu samstarfi, ákveðið að skoða það nánar á næstunni.
- Skrifstofa Menningarráðs flytur í nýtt skrifstofuhúsnaði, að Einbúastíg 2 á Skagaströnd, 25. maí nk.
- Kynnt væntanleg ferð menningarfulltrúa til Noregs 31. maí – 7. júní nk.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 16.45.
Ingibergur Guðmundsson

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.